

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

#### *Vindás, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. desember 2016, tillögu að deiliskipulagi fyrir spildu úr landi Vindáss. Afmörkuð er lóð þar sem heimilt verður að byggja allt að 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús og bílskúr, allt að 60 m<sup>2</sup> gestahús og allt að 200 m<sup>2</sup> skemmu.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Rangárbakkar á Hellu, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. desember 2016, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Rangárbakka á Hellu. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að deiliskipulagssvæðið stækkar til suðurs. Lóðirnar Rangárbakki 1 og 3 eru sameinaðar í eina lóð. Afmarkaður er byggingarreitur fyrir verslunar- og þjónustubyggingar á lóðinni. Einnig er afmarkaður byggingarreitur fyrir sjálfsafgreiðslueldsneytisstöð.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 11. janúar 2017.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Haraldur Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.